

## 49. fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 13. júní og hófst kl 13:00

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir, Sóley Indriðadóttir, Björgvin Þóroddsson, Kristján Úlfarsson, Jósteinn Hermundsson, Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. mál. Lóðateikning Eyrarvegi 12, 14, 16.

Ólafur lagði fram lóðateikningar fyrir Eyrarveg 12, 14, 16 - frysihúslóðina með breytingum til stækkunnar til austurs. Stækkunin er úr 10.386 fermetrum í 11.333 fermetra.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um málið. Lóðablaðið lagt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að láta útbúa lóðaleigusamning vegna þessa og láta þinglýsa honum.

### 2. mál. Lóðateikning fyrir Eyrarvegur 4

Lagt er til að sameina lóðirnar Eyrarveg 4 og Eyrarveg 4b í eina lóð sem alls er 2.592 fermetrar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stækkunina með eftirfarandi skilmálum.

- Lóðinni verði haldið snyrtilegri og velfrágenginni.
- Lóðina má ekki nýta sem geymslusvæði.
- Komi ekki til byggingarframkvæmda á lóðinni innan 5 ára þá hefur Langanesbyggð rétt á því að kalla eftir gögnum um framtíðaruppbyggingu á lóðinni og skulu áætlanir þar um liggja fyrir innan 6 mánað eftir að kallað hefur verið eftir því.
- Sé framtíðaruppbygging ekki ákveðin innan þessara 5 ára hefur Langanesbyggð rétt á að innkalla lóðina.  
Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að útbúa lóðaleigusamninginn og láta þinglýsa honum.

Í framhaldi af ofangreindum breytingum þarf Langanesbyggð að auglýsa óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið og er sveitarstjóra falið að ganga frá því.

### 3. mál. Sorpmál

Umhverfis- og skipulagsnefnd áréttar að öllum úrgangi skal skilað á endurvinnslustöð á Þórhöfn. Borið hefur á því að byggingaraðilar hafi losað sig við úrgang sem þangað átti að fara á svæði í eigu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að beyta fjársektum verði vart við slíkt. Þá áréttar umhverfis- og skipulagsnefnd að Lónshöfn tryggi að úrgangur vegna framkvæmdanna skili sér á réttan stað. Vegna losun jarðefna má hafa samband við áhaldahús og fá leiðsögn þar um.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gerð

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 14:05